



Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á nýsveinahátíð
Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík
5. mars 2022

Ágætu nýsveinar,
ráðherrar,
forystusveit Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík,
aðrir góðir gestir.

Ég þakka þann heiður að vera með ykkur á þessari gleðistundu. Það er orðið allt of langt síðan síðast. Í fyrra réð heimsfaraldurinn því að við gátum ekki komið saman og veitt nýsveinum verðskuldaða viðurkenningu. Já, síðustu misseri setti farsóttin strik í reikninginn, hvert sem litið er í okkar ágæta samfélagi. Hún setti hömlur á mannamót, í skólum landsins þurftu kennarar og annað starfslið að leita lausna og nemendur að laga sig að undarlegum og erfiðum aðstæðum. Þið stóðuð ykkur með sóma, kæru nýsveinar. Þið náðuð að ljúka ykkar námi, þrátt fyrir allt sem á dundi. Nú eiga ykkur að vera allir vegir færir.

Og það mun verða okkur öllum til góða. Í öflugum samfélagi þurfum við öflugan iðnað, öflugan iðnnema, öflugan nýsveina og öflugan meistara sem kenna þeim listir sínar. Sem betur fer sjáum við ýmis merki þess að vegur iðnnáms fari vaxandi þótt alltaf megi gera betur. Sumarið 2020 var frá því greint í fjölmiðlum að metaðsókn væri í iðnnám, og nefnt sem dæmi að 180 manns væru skráð í nám við pípulagnir. Það var heldur betur breyting. Fjórum árum fyrr var ég fyrst í forsetaframboði og heyrði því þá fleygt að það væru fleiri forsetaframboðendur en namar í pípulögnum.

Reyndar vil ég líka nefna – og hef gert það áður við þetta tilefni – að við ættum að hugleiða þennan mun sem við gerum á svokölluðu bóknámi annars vegar og verk- eða iðnnámi hins vegar. Eru þessar skilgreiningar skynsamlegar að öllu leyti? Raunin er sú að þessar tegundir náms byggja á sameiginlegum

grunni, vilja nemenda til að læra og vita meira, vilja kennara og annarra leiðbeinenda til að kenna og miðla. Menntun – það er það sem málið snýst um. Og menntun þarf að vera fjölbreytt. Í öflugum samfélagi leyfum við börnum að eflast og þroskast á eigin forsendum, veitum unglingum svo tækifæri til að læra það sem hugurinn gírnist þannig að úr skólum landsins komi einvalalið, sérfræðingar á sínu sviði, fólk eins og þið sem ætlið núna að halda áfram að sýna ykkur sjálfum og öðrum hvað í ykkur býr.

Ágætu nýnemar, aðrir góðir gestir. Þetta er hátíð iðnnáms og því hömpum við þeim þætti menningar og mennta sérstaklega. Gætum við komist af án iðnnáms? Við skulum virkja ímyndunaraflíð og sjá fyrir okkur þannig samfélag. Það væri fátækt samfélag og frumstætt, samfélag sem félli saman. Og ef þið trúið því ekki þyl ég nú margar þær iðnir sem við færum á mis við og við þekkjum úr okkar daglega lífi:

Almenn ljósmyndun, bakaraiðn og bifreiðasmíði. Bifvélavirkjun og bílamálun, blikksmíði og bókbönd. Feldskurður, flugvélavirkjun og framreiðsluð. Glerslípun og speglagerð, gull- og silfursmíði. Hattasaumur, hársnyrtiðn og hljóðfærasmíði. Húsasmíði, húsgagnabólstrun og húsgagnasmíði. Kjólasaumur og kjötiðn. Klæðskurður karla og klæðskurður kvenna. Kæli- og frystivélavirkjun. Kökugerð. Leturgröftur og ljósmyndun. Matreiðsla, málaraiðn og málmsteypa. Málmsuða, mjólkuriðn og mótasmíði. Múrariðn og myndskurður. Netagerð (heitir víst reyndar veiðarfærataækni núna). Persónuljósmyndun og pípulagnir. Prentsmíð og prentun. Rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun. Rennismíði og símsmíði, skipasmíði og bátasmíði. Skósmíðaiðn, skósmíði og skóviðgerðir. Skrúðgarðyrkja og snyrtifræði. Stálskipasmíði, stálsmíði og stálvirkjasmíði. Steinsmíði, söðlasmíði, tannsmíði og úrsmíði. Veggfóðrun og vélvirkjun.

Já, kærur nýsveinar, kærur meistarar og heiðursiðnaðarmenn. Samfélag án þeirra sem lært hafa þessar iðngreinar og aðrar væri svo sannarlega fátækt samfélag, án menntunar, án menningar og án metnaðar. Ég þakka í lokin forystusveit Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur fyrir að gera okkur kleift að óska nýsveinum allra heilla á merkri stundu.